

AUGLÝSING

**um deiliskipulagstillögu fyrir miðbæinn í Þorlákshöfn,
Sveitarfélagini Ölfusi.**

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 23. mars 2008 samþykkt deiliskipulag er nær til miðbæjarins í Þorlákshöfn, sbr. 4. mgr. 25. gr. sömu laga og 2. mgr. gr. 6.4 í skipulagsreglugerð.

Deiliskipulagið ásamt umhverfisskýrslu er afgreitt af Skipulagsstofnun sbr. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Athugasemdir bárust á kynningartímanum. Athugasemdir við að byggja ofan á Selvogsbraut 41 eru frá nágrönum. Samþykkt að gerð verði breyting á texta á aðalskipulagstillögunni, Verslun/þjónusta/skrifstofur, þar sem segir að gert sé ráð fyrir að byggja megi ofan á Selvogsbraut 41 eina hæð undir skrifstofur, verslun og þjónustu. Þessi kafla fellur niður bannig að í tillögunni kemur ekki fram breyting á Selvogsbraut 41 um meira byggingarmagn. Málsmeðferð er skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga. Uppdráttur samþykktur með þessum breytingum.

Tillagan miðar að því að við nýtt Ráðhústorg rísi blönduð byggð íbúða, þjónustu og verslana með góðum tengingum við torgsvæði og gönguleiðir.

Gert er ráð fyrir að ný stofnbraut inn í bæinn frá Suðurstrandarvegi, Ölfusbraut, myndi hringtorg norðan við miðbæjarreitinn og greinist þar í tvennt. Selvogsbraut mun liggja um miðbæjarreitinn en gert er ráð fyrir að við miðbæjarreitinn breytist hún á kafla í vistgötu með 30 km á klst. hraðatakmörkunum.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlutið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 10. október 2008.

Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 13. október 2008